

MÁLSMEDFERÐARREGLUR UM ALMENNAR ATKVÆÐAGREIÐSLUR Í HVALFJARÐARSVEIT

1. gr.

Ef 20% kosningabærra íbúa eða fleiri krefjast atkvæðagreiðslu um ákvörðun sveitarstjórnar ber sveitarstjórn að verða við þeirri kröfu í samræmi við reglur þessar og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Ekki er unnt að krefjast atkvæðagreiðslu um ákvörðun sveitarstjórnar í tilteknu máli ef áður hefur verið efnt til atkvæðagreiðslu um málið á sama kjörtímabili.

Ekki er unnt að krefjast atkvæðagreiðslu um ákvarðanir sveitarstjórnar um;

- efni fjárhagsáætlunar skv. 62. gr.
- viðauka skv. 63. gr., um tekjustofna sveitarfélaga eða álagningu annarra lögheimilla gjalda
- ráðningu í störf hjá sveitarfélagi, um laun og önnur starfskjör sveitarstjórnarmanna eða starfsmanna sveitarfélags
- tillögu sem gengur gegn lögum eða mundi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu sveitarfélagsins.
- og önnur málefni sem kveðið er á um í sveitarstjórnarlögum

2. gr.

Rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. eiga þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Kosningabærir teljast þeir sem hafa kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum sbr. 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar.

3. gr.

Ábyrgðarmenn undirskriftasöfnunar, þar sem skorað er á sveitarstjórn að fram fari atkvæðagreiðsla um tiltekna ákvörðun sveitarstjórnar, skulu tilkynna sveitarstjóra um undirskriftasöfnun *innan sex vikna frá því sveitarstjórn tók þá ákvörðun*. Í tilkynningunni skal tilgreina ábyrgðarmann/menn undirskriftarsöfnunar og nánar um framkvæmd hennar. *Ábyrgðarmenn geta aðeins verið kosningabærir einstaklingar með lögheimili í Hvalfjarðarsveit*

4. gr.

Ábyrgðarmaður undirskriftasöfnunar getur þá óskað eftir að fá aðgang að íbúaskrá (nafn og heimilisfang) *við Þjóðskrá Íslands, og skal sveitarstjóri staðfesta erindið*. Skal beiðni þar að lútandi koma fram í tilkynningu sbr. 3. gr. reglna þessara.

5. gr.

Sveitarstjórn lætur, í samráði við ábyrgðaraðila, gera eyðublað sem nota skal við söfnun undirskrifta. Á hverju blaði komi fram með skýrum hætti upplýsingar um tilefni undirskriftarsöfnunarinnar, hvenær henni ljúki og hverjir séu ábyrgðarmenn hennar. Á hverju blaði skal gert ráð fyrir sama fjölda undirskrifta.

Sveitarstjórn tryggir að aðeins ábyrgðaraðila/aðilum séu afhent eyðublöð til söfnunar undirskrifta.

Á undirskriftarlista skulu íbúar sem leggja málinu lið skrá nafn sitt eigin hendi, dagsetningu undirskriftar, kennitölu og lögheimili í sveitarfélaginu með skýrum hætti.

6. gr

Krafa 20% kosningabærra manna skal lögð fram sem undirrituð áskorun, með nafni, heimilisfangi og kennitölu, innan 30 daga frá því tilkynnt er um söfnun undirskrifta. Ábyrgðarmaður undirskriftarsöfnunar skal tryggja að þeir sem undirrita nöfn sín á áskorunina framvísi persónuskilríkjum til staðfestingar undirrituninni.

7. gr.

Undirritaðri áskorun skal skilað til sveitarstjóra sem staðfestir móttöku áskorunarinnar.

8. gr.

Sveitarstjóri skal innan tveggja vikna frá framlagningu undirritaðrar áskorunar tilkynna ábyrgðarmanni/mönnum hvort undirrituð áskorun uppfylli skilyrði 1. gr og 2. gr. um tilskilinn fjölda.

9. gr.

Heimilt er að veita stuttan frest, að hámarki 10 virka daga, til að leiðrétta undirskriftarlista ef í ljós kemur að hann uppfyllir ekki skilyrði 1. og 2. gr. um tilskilinn fjölda.

10. gr.

Sveitarstjórn skal fjalla um hvort undirrituð áskorun uppfylli skilyrði til að teljast tæk til atkvæðagreiðslu.

11. gr.

Sveitarstjórn ákveður hvenær atkvæðagreiðsla fer fram. Atkvæðagreiðsla skal þó ekki fara fram fyrr en fjórum vikum eftir að ákvörðun um hana hefur verið tekin og ekki síðar en átta vikum eftir ákvörðun.

12. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið fyrirfram að niðurstaða atkvæðagreiðslu skuli binda hendur hennar til loka kjörtímabilsins. Koma skal fram í auglýsingu hvort atkvæðagreiðsla er bindandi.

13. gr.

Sveitarstjórn tekur ákvörðun um orðalag og framsetningu spurningar í atkvæðagreiðslu.

14. gr.

Sveitarstjórn skal standa fyrir kynningu á því efni sem taka á afstöðu til í atkvæðagreiðslunni. Leitast skal við að veita talsmönnum ólíkra sjónarmiða tækifæri á að koma sínum viðhorfum á framfæri.

15. gr.

Í þeim tilvikum sem sveitarstjórn ákveður að vísa máli til almennrar atkvæðagreiðslu skal farið eftir reglum þessum og sveitarstjórnarlögum. Um framkvæmd kosningar skal taka mið af meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar
13. mars 2012

Laufey Jóhannsdóttir sveitarstjóri